

Brunavarnir Suðurnesja

Hringbraut 125, 230 Keflavík.
[Samband um neyðarlínu 112](#)



GJALDSKRÁ

Brunavarnir Suðurnesja.

Inngangur

Lög um brunavarnir nr. 75 frá 1. janúar 2001, kveða m.a. á um ábyrgð og skyldur sveitarstjórna á starfssemi slökkviliða sem gegna nú ríku hlutverki í umhverfismálum og almennri björgun.

Brunavarnir Suðurnesja starfa samkvæmt lögum þessum og er skipað bæði atvinnu- og hlutastarfandi slökkviliðsmönnum. BS fer með brunavarnir í Garði, Reykjanesbæ og Vogum og er rekið af þessum þremur sveitarfélögum. Reykjanesbæ með um 85% eignaraðild, Sveitafélaginu Garði með um 10% og Sveitafélaginu Vogum með um 5%. Eignaraðild og kostnaðarskipting tekur mið af fjölda íbúa í hverju sveitafélagi. Viðkomandi bæjarstjórnir skipa fimm manna stjórn, sem fer með fjárhagslega ábyrgð. Slökkviliðsstóri BS er framkvæmdastjóri stjórnar. Starfsmannafjöldi BS er 35, þar af 22 í fastaliði og 13 hlutastarfandi slökkviliðsmenn. Þjónustusvæði BS er öll Suðurnes utan Sandgerðis og Grindavíkur þ.e. frá Hvassahrauni, n.t.t. sunnan Virkishóla við álver Alcan í Straumsvík, um öll Suðurnes að Reykjanestá utan Grindavíkur, um Seltjörn og Sandgerðis um Ósaboтна. BS er með samning við Heilbrigðisráðuneytið um rekstur sjúkraflutninga.

1. gr.

Verkefni BS eru því margvísleg og ákvarðast annarsvegar af lögum um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og hinsvegar af ákvæðum í samning um BS. Af öðrum verkefnum skal BS taka gjald samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Af gjaldskyldri starfsemi skal BS taka gjald í samræmi við þann kostnað sem stofnunin verður fyrir vegna þessa. Gjald skal ákvarðað á grundvelli vinnuframlags starfsmanna. Fast tímagjald fyrir klukkustund útseldrar vinnu hvers starfsmanns er 8.219 krónur og tekur mið af fjárhagsáætlunum BS. Gjaldskráin endurskoðast í nóvember ár hvert.

3. gr.

Af umsögnum til annarra opinberra stofnana vegna leyfisskyldrar starfsemi skal tekið fast gjald vegna þriggja klukkustunda vinnu ef skoða þarf viðkomandi stað, en einnar klukkustundar ef umsögn er afgreidd án skoðunar á staðnum.

Brunavarnir Suðurnesja
Samband um varðstofu 421-4748
Netfang: jong@bs.is

Brunavarnir Suðurnesja

Hringbraut 125, 230 Keflavík.

[Samband um neyðarlínu 112](#)



4. gr.

Heimilt er slökkviliðsstjóra að fella niður gjald vegna starfsemi ef verkefni telst þjóna almannahagsmunum og/eða fellur að markmiðum sem BS eru sett í stofnskrá. Falli ráðgjafarvinna undir ákvæði stjórnsýslulaga um upplýsinga- og leiðbeiningaskyldu skal sú vinna undanþegin gjaldi.

5. gr.

BS annast innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari eða innheimtufyrirtæki sem verkefnið er falið samkvæmt samningi þar að lútandi, annast innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari.

Um innheimtu gjalda skal fara eftir viðteknum venjum í innheimtu opinberra stofnana. Vangreidd gjöld samkvæmt gjaldskránni skulu, þegar vægari innheimtuaðgerðir hafa ekki boðið árangur, sótt fyrir dómstólum og í kjölfarið skal afla fjárnáms fyrir öllum skuldum skv. ofangreindu. Gjöldum sem til eru komin vegna eftirlits með því að farið hefur verið að kröfum um úrbætur á eldvörnum fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð, samanber 2. og 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir.

6. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt gjaldskránni er útgáfudagur reiknings og eindagi er 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

7. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til samfélags- og forvarnaverkefna á vegum BS.

8. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af aðildarsveitarfélögum BS, með heimild í sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998 með síðari breytingum. Gjaldskráin er einnig samþykkt af stjórn BS og öðlast gildi við birtingu. Gjaldskráin skal uppfærð í febrúar og ágúst ár hvert og breytingar miðast við fjárhagsáætlun BS hverju sinni.

Reykjanesbær 6. mars 2008.

Sigurvin Guðfinnsson
formaður stjórnar Brunavarna Suðurnesja.

Brunavarnir Suðurnesja
Samband um varðstofu 421-4748
Netfang: jong@bs.is